
















Jólasveinalestur



Lesum til að njóta





Jólasveinalestur

Kæri þátttakandi í jólasveinalestrinum!

Það er mjög notalegt að kúra með bók í skammdeginu og með þáttöku þinni í jólasveinalestrinum færðu einmitt tækifæri til þess. Í ár er lögð áhersla á að kepp- ast ekki við að lesa sem flestar blaðsíður heldur að njóta lestrarins. Kertasníkir ætla að hjálpa til en hann stingur upp á 26 hugmyndum sem þú getur nýtt þér til að gera jólasveinalesturinn skemmtilegan. Hakaðu við hugmynd sem þú fram- kvæmir og límdu inn einn jólasvein fyrir hvern dag sem þú lest.

Til aðstandenda. Ekkert er því til fyrirstöðu að öll fjölskyldan taki þátt í jólasveinalestrinum en gott lestraruppeldi er eitt besta veganestið út í lífið!

26 hugmyndir Kertasníkis



- ♡ Lestu upphátt fyrir einhvern sem er eldri en þú.
- ♡ Lestu upphátt fyrir einhvern sem er yngri en þú.
- ♡ Fáðu þér heitt kakó og lestu.
- ♡ Lestu í náttfötunum.
- ♡ Lestu áður en þú ferð að sofa.
- ♡ Lestu með jólatónlist í bakgrunni.
- ♡ Lestu við kertaljós eða vasaljós en farðu varlega.
- ♡ Sittu úti í glugga og lestu.
- ♡ Lestu með vettlinga á höndum og trefil um hálsinn.
- ♡ Lestu fyrir framan jólatré.
- ♡ Lestu fyrir einhvern á Facetime eða Messenger.
- ♡ Lestu undir beru lofti.
- ♡ Lestu með jólasveinahúfu.
- ♡ Lestu í fótabaði.
- ♡ Lestu fræðibók og lærðu tvær nýjar staðreyndir.
- ♡ Lestu bók um dýr sem búa á norðurslóðum.
- ♡ Lestu á bókasafni.
- ♡ Lestu eitthvað sem einhver annar velur fyrir þig.
- ♡ Lestu bók sem kom út þessi jól.
- ♡ Lestu fyrir gæludýrið þitt.
- ♡ Lestu með skíðagleraugu eða sundgleraugu.
- ♡ Taktu upp lestur og gefðu upptökuna í jólagjöf.
- ♡ Lestu jólaljóð.
- ♡ Lestu í ullarsokkum.
- ♡ Lestu á meðan þú borðar nokkrar smákökur.
- ♡ Lestu á jóladag.